Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 1089
komudagur 17/3 1997

Fundir haldnir 10. og 13. mars 1996
á Sólon Íslandus

Til laganefndar Arkitektafélags Íslands

Í framhaldi af pistli stjórnar AÍ í *Arkitíðindum* 2/96, er fjallaði um frumvarp til skipulags- og byggingarlaga sem nú er til umsagnar hjá AÍ, viljum við undirrituð koma neðangreindum athugasemdum og tillögum á framfæri.

Fyrir hönd nýútskrifaðra arkitekta, nema í arkitektúr og fagsins sjálfs lítum við það mjög alvarlegum augum að löggilding arkitekta verði háð þriggja ára starfsreynslutíma.

Við teljum að með þessu ákvæði sé í raun verið að lengja námstíma arkitekta, sem að jafnaði er sex ár, upp í níu ár, *án þess að skilgreina nánar* hvað felst í þessari þriggja ára viðbót.

Fundurinn leggur eindregið til að skilgreint verði nákvæmlega hvaða þættir það eru sem arkitekt þarf að hafa til viðbótar við nám sitt í arkitektúr til að geta fengið formlegt leyfi til að leggja fram uppdrætti fyrir íslenskar byggingarnefndir.

Þegar skilgreiningin er fengin er hægt að vinna tillögur sem miða að sem bestri lausn þessara mála. Þannig væri hægt að hugsa sér námskeið og/eða próf í viðkomandi þáttum. Eins og áherslur arkitektaskólanna eru mismunandi eru þarfir einstakra nýútskrifaðra arkitekta mismunandi. Því er ekki óraunhæft að ætla að ákveðinnar samræmingar sé þörf hvað formsatriðin varðar. Við verðum hins vegar að ganga út frá því að *faglega* hliðin sé á hreinu að loknu sex ára háskólanámi.

Eins og ástandið á vinnumarkaðinum er í dag fælir það nýútskrifaða arkitekta frá að koma heim til starfa – sérstaklega í ljósi þess að þurfa að afla sér tveggja og nú jafnvel þriggja ára starfsreynslu. Það gæti því endað með að í stéttina vantaði heila kynslóð arkitekta. Og hvar stendur þá fagið, umræðan og þróun mála á þessu sviði í þjóðfélaginu í heild?

Nýútskrifaðir arkitektar sem áræða að koma heim að námi loknu eru algjörlega í lausu lofti varðandi fasta vinnu, og rysjótt vinna getur lengt starfsreynslutímann margfalt. Staðan í dag er því algjörlega óviðunandi og ekki á það bætandi með þeim tillögum sem nú eru uppi. Bent er á að ef raunin verður sú að áfram verði krafist starfsreynslu sem forsendu fyrir löggildingu þá þarf einnig að *tryggja ungum arkitektum vinnu* og það hjá *hæfum* aðilum – og hver ætlar að sjá til þess?

Auk þessa alls er vinna á arkitektastofu hjá löggiltum aðila engin trygging fyrir því að ná fram þeim gæðakröfum sem gerðar eru til vinnu okkar og kunnáttu – og hér komum við enn að spurningunni um skilgreiningu á kröfunum. Minna má á að byggingarfulltrúinn í Reykjavík, Magnús Sædal, benti á það á hádegisverðarfundi AÍ 7. mars 1996 að víða virðist pottur brotinn hvað varðar frágang uppdrátta sem lagðir eru fyrir byggingarnefnd og bendir það til að nýrra leiða verði að leita til úrbóta.

Það er kominn tími til að arkitektar fari fram á að menntun í faginu sé metin að verðleikum. Þess vegna *neitum* við því að þurfa að gangast undir sömu forsendur við mat á hæfni til löggildingar og byggingatæknifræðingar og skyldar stéttir með alls ósambærilega og mun styttri menntun. Á þessi mál verður að líta aðskilið.

Að lokum viljum við hvetja til þess að tekið verði af metnaði á þessu máli, það skoðað frá grunni, skilgreint hvað felst í hæfni til löggildingar og stefna mörkuð til sóma fyrir fagið og Arkitektafélag Íslands.

Reykjavík, 13. mars 1996

Anna Margrét Tómasdóttir, arkitekt

Arnór Skúlason, arkitekt

Ásdís Ingþórsdóttir, arkitekt

Ásmundur Hrafn Sturluson, arkitekt

Gunnar Stefánsson, arkitekt

Heba Hertervig, arkitekt

Hólmfríður Jónsdóttir, arkitekt

Hrefna Björg Þorsteinsdóttir, arkitekt

Ingunn Hafstað, arkitekt

Logi Már Einarsson, arkitekt

Ólöf Örvarsdóttir, arkitekt

Þorleifur Eggertsson, nemi í arkitektúr

Lena Helgadóttir, arkitekt

Halldóra Vífilsdóttir, nemi í arkitektúr

10.3.1997/hh
Fáeinar hugleiðingar m.a. út frá grein Páls Björgvinssonar

1) ". . að skikka starfsstéttir byggingariðnaðarins til að kaupa sér starfstryggingar"

(gr. 50) *"Hönnuðir sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd, skulu hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingar."*
Hönnuðir eins og aðrar starfsstéttir þjóðfélags bera ábyrgð á gerðum sínum. Áföll sem rekja má til rangrar hönnunar á því að vera unnt að fá bætt með því að draga hönnuð til ábyrgðar. Það ætti vitaskuld að vera hverjum hönnuði í sjálfsvald sett hvernig hann tryggir sig gegn fjárhagslegum skakkaföllum en með því að líta til reynslunnar var talið nauðsynlegt að hafa ákvæði um lágmarkstryggingu. Í staðli yfir útboðsskilmála um verkframkvæmdir er t.d. kveðið á um að verktaki skuli kaupa sér ábyrgðartryggingu.

2) " . .að kollvarpa sérfræðiréttindum húsameistara."

a) Gildandi lög um rétt til starfsheitis og tveggja ára biðtímna til þess að hljóta rétt til að leggja teikningar fyrir byggingarnefnd. Löggildingarákvæði (12.gr. byggingarlaga) eru ófullkomin hvað snertir skilgreiningu "hver á sínu sviði" sbr. hæstarréttardóm um rétt byggingarfræðinga til að leggja fram aðalteikningar fyrir byggingarnefnd.

b) Frv: gr. 51, 52 og fl.

Helstu breytingar: Hönnunargögn eru skilgreind betur en áður. Lengdur er starfsreynslutími úr tveimur árum í þrjú. Unnt er að gera sem skilyrði fyrir löggildingu að umsækjandi hafi próf í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf sem Skipulagsstofnun stendur fyrir. (Ekkert um það hvort það stytti starfsreynslutíma). (3. og 4. mgr. 51. gr.). Byggingarverkfr., byggingartæknifr. og byggingarfr. geta hlotið löggildingu eftir fimm ára starfsreynslu hjá löggiltum aðila. (3. mgr. 52. gr.)

Frá gildistöku laganna frá 1978 eru dæmi þess að auk arkitekta hafi byggingarfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar hlotið löggildingu til að gera svonefnda aðaluppdrætti, líka nefndir byggingarnefndarteikningar, í einhverjum mæli. Einkum á þetta við um tæknifræðinga. Einkum má segja að dómur Hæstaréttar frá 1988 (?) hafi ruglað frekar en skýrt hugtakið "hver á sínu sviði." Frumvarpið gerir ráð fyrir að einungis arkitektar verði löggiltir til að gera aðaluppdrætti ef frá er skilinn hortittur um heimild til að löggilda aðrar starfsstéttir á grunni fimm ára starfsreynslu. Af athugasemdum sem borist hafa er það einungis byggingarfræðingar sem telja sig standa jafnfætis arkitektum hvað varðar gerð aðaluppdrátta. Ekki verður lesið út úr athugasemdum verkfr. og tæknifr. að þeir geri athugasemd við þetta. En setja þá væntanlega traust á regluna um 5 ára starfsreynslu.